

Til stjórnar Faxaflóahafna sf.
Tryggvagötu 17,
101 Reykjavík.



Reykjavík, 5. maí 2014

LEYFISUMSÓKN

Umsækjandi; Eysteinn Þ. Yngvason, kt. 080555-3509, Sunnuvegi 17, 104 Reykjavík. Sími 562-8000 og 895-3040. Tölvupóstur: eysteinny@simnet.is

Ég sæki hér með um leyfi til að starfrækja, til reynslu, litla farþegalest sem myndi aka um hafnarsvæðið, n.t.t. milli Miðbakkans og sjóminjasafnsins við Grandagarð. Lestin sem um ræðir og meðfylgjandi mynd sýnir, tekur 50 manns í sæti í tveimur vögnum. (Notast má líka við einn vagn ef það reynist hentugra). Til að gæta fyllsta öryggis, yrði ekið mjög hægt um svæðið eða sem næst á gönguhraða.

Sem dæmi yrði lagt af stað á klukkustundar fresti frá þeim stað á Miðbakknum sem gamla Minor eimreiðin er staðsett. Lestin er mjög lipur í meðfórum þar sem vagnarnir eru með stýringu á öllum hjólum, svo ekið yrði um Suðurbugt, upp Ægisgarð, gegnum slippsvæðið, niður Hlésgötu, út Rastargötu og stoppað fyrir framan sjóminjasafnið Víkina á Grandagarði. Sjá merkta leið á meðfylgjandi korti.

Telja má mjög líklegt að lestin myndi skapa skemmtilega stemningu á svæðinu enda hentar hún fyrir alla aldurshópa. Jafnframt gæti hún stóraukið aðsókn að sjóminjasafninu Víkinni og ýmsum öðrum þjónustufyrirtækjum á Grandagarði.

Óskað er góðfúslega eftir að umsókn þessi fái afgreiðslu svo fljótt sem auðið er, en ég tel mig geta hafið rekstur innan 2ja vikna frá leyfisveitingu.

Allar nánari upplýsingar verða fúslega veittar ef óskað verður eftir.

Virðingarfyllst,

Eysteinn Yngvason,

Eysteinn Þ. Yngvason.

Selsker

Grandahölm

Grand

Eyjafjörður

Orfissey

